

Ed.

387. Frumvarp til laga

[196. mál]

um breyting á lögum nr. 57 20. maí 1978, um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Helgi Seljan, Egill Jónsson.

1. gr.

14. gr. 7.2. Norðfjarðarumdæmi 2) undirliður í lögnum orðist svo:
Eskifjörður H 2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta frv. lýtur að því, að í stað H 1 stöðvar á Eskifirði verði þar H 2 stöð, þ. e. með tveim læknum í stað eins sem þar er nú. Frv. hefur áður verið flutt, fyrst sem breytingartillaga við heilsugæslulögin, þegar þau voru til almennrar endurskoðunar í þinginu 1978 og þá af 1. flm. nú og Halldóri Ásgrímssyni. Breytingartillagan var felld naumlega. Á þinginu 1978—79 var frv. svo flutt svo sem það er nú, og var Vilhjálmur Hjálmarsson þá meðflutningsmaður 1. flm. nú. Frv. hlaut eigi afgreiðslu. Enn var það flutt á síðasta þingi, en kom ekki til afgreiðslu.

Í greinargerð sagði þá orðrétt:

„Við setningu laga um heilsugæslu 1973 var mjög um það deilt, hvar mörk skyldi setja varðandi skiptingu heilsugæslustöðva í H 1 og H 2 stöðvar. Segja má, að meginlínan hafi verið sett við 2000 íbúa markið, en þó urðu þar á frávik við meðferð frumvarpsins í þinginu, þannig að svæði með íbúafjölda undir 2000 komust inn á H 2 — tveggja lækna stöðvar. Á Austurlandi var svo ástatt þá, að eitt heilsugæslusvæði þar var mjög nálægt þessum mörkum, þ. e. Eskifjarðarhérað, sem nær yfir Eskifjörð, Reyðarfjörð, Helgustaðahrepp og Fáskrúðsfjarðahrepp, þann hluta sem er við suðurströnd Reyðarfjarðar.

Nú má segja, að þetta svæði sé rétt í jaðrinum eða með milli 1 900 og 2 000 íbúa, og á báðum þéttbýlisstöðunum fer fólki fjölgandi. Á svæðinu hefur allt frá því lagafrumvarp um heilsugæslu fyrst kom fram verið mikill áhugi á því, að lækna yrðu tveir, ekki síst á Reyðarfirði, þar sem íbúar eru á áttunda hundrað. Með hjúkrunarfræðingi í hálfu starfi hefur þó heilsugæsla þar færst í betra og öruggara horf, en þrátt fyrir litlar fjarlægðir er þó sem fyrr full þörf á tveggja lækna stöð á Eskifirði, hvort sem annar læknirinn yrði búsettur á Reyðarfirði eða ekki.

Um þetta liggja fyrir mjög eindregnar óskir heimamanna á svæðinu öllu, m. a. í formi beinna samþykktá frá sveitarstjórnnum.“

Hér lýkur tilvitnun í fyrri greinargerð.

Þegar breytingartillagan um H 2 stöð á Eskifirði var felld vorið 1978 réð þar mestu um afstaða heilbrigðisráðherra, sem halda vildi nákvæmlega við þau mörk um íbúafjölda sem miðað var við 1973. Þá, eins og nú má áreiðanlega gera einnig, var borið við almennum læknaskorti sem beinni mótbáru við samþykkt H 2 stöðvarinnar á Eskifirði. Að mati okkar flm. er þessi læknaskortur nær eingöngu bundinn við H 1 stöðvar — eins lækni stöðvar — svo sem mörg dæmi eru um.

Flm. þykir rétt að láta hér enn á reyna, hvort Alþingi fer að eindregnum og rökstuddum óskum heimamanna frá upphafi, og þá einnig, að nú er íbúatala svæðisins rétt við þau mörk, sem talin hafa verið eðlileg viðmiðun á skiptingu stöðva í H 1 og H 2. Fyrir Reyðfirðinga yrði hér alveg sérstaklega um miklar úrbætur og aukð öryggi að ræða með búsetu annars tveggja lækna stöðvarinnar á Reyðarfirði, en flm. gera sér grein fyrir því að þetta er umdeilt atriði, sem verður að leysa á viðunandi hátt, þegar heimildin fyrir H 2 stöð er fengin á starfssvæðinu.